



Sjálfsmatsskýrsla Marbakka 2025

Skólaárið 2024 til 2025 endurmetið

Inngangur

Leikskólaárið 2024 til 2025 hófst mjög vel. Ágætlega gekk að manna í lausar stöður að hausti og aðlögun var lokið að mestu í byrjun september. En svo vildi til að á haustönn hættu 5 börn og fluttu úr sveitarfélaginu og því komu 5 börn í aðlögun í janúar og febrúar 2025. Vegna veikinda hjá starfsfólki urðu nokkrar mannabreytingar þá aðallega á deildinni Læk á vorönn 2025 en heilt yfir hefur starfið gengið vel og börnin tekið framförum bæði í námi og þroska. Aðstoðarleiksólastjóri hefur eftir áramót sinnt deildarstjórastöðunni á Læk með sínum verkum.

Mikilvægur þáttur í leikskólastarfi er að meta starfið með kerfisbundnum hætti og bregðast við með umbótaverkefnum þegar vísbendingar eru um að þess sé þörf. Til að skólastarf sé í þróun þarf það stöðugt að vera í þróun og umbótaverkefni mikilvægur liður svo það megi vera.

Í þessari skýrslu er tekið saman það sjálfsmat sem fór fram í Marbakka skólaárið 2024 til 2025. Matsáætlun fyrir skólaárið var fylgt eftir að mestu leiti og gagnaöflun höfð sem fjölbreyttust. Gagna var aflað hjá börnum, foreldrum og starfsfólki leikskólans og má þar nefna viðhorfskönnun meðal foreldra, viðhorfskannanir meðal starfsmanna, markvissum umræðum starfsfólks um starfið, foreldraviðtöl, starfsmannasamtöl og viðhorfskönnun meðal barna fædd 2019. Allt eru þetta dæmi um gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Starfið var einnig metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildafundum, deildastjórafundum og á fundum lausnateymis leikskólans. Sjálfsmat Marbakka er umbótamiðað og niðurstöður þess settar fram opinberlega á heimasíðu leikskólans.

Skýrsluna tók saman Alda Agnes, leikskólastjóri. Alda Agnes vann samantektir úr sérhverri viðhorfskönnun, Unnur Ólöf sérkennslustjóri lagði mat á sérkennsluna í vetur en aðrir í stjórnendateymi leikskólans rýndu í niðurstöður viðhorfskannana, lásu yfir sjálfsmatsskýrsluna og komu með ábendingar.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Efnisyfirlit.....	3
Umbótalistinn fyrir skólaárið 2024-2025 yfirfarin.....	4
Viðhorfskönnun meðal foreldra.	6
Niðurstöður af endurmatsfundi með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins.....	7
Samantekt á svörum starfsmanna við endurmatsspurningum vor 2025.....	9
Viðhorfskönnun meðal starfsmanna mars 2025.	11
Viðhorfskönnun meðal barna fædd 2019.	12
Endurmat sérkennslunnar.	13
Símenntunaráætlun endurmetin.	14
Matsáætlun vegna skólaársins 2024 – 2025 endurmetin.	15
Samantekt	16
Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2025-2026	16

Umbótalistinn fyrir skólaárið 2024-2025 yfirfarin.

- Eiga samtal við foreldra á aðlögunartímanum til að mynda tengsl.

Leiðir: Starfsfólk á deild barnsins gefur sig að foreldrum á aðlögunartímanum, segir frá hver vinnutíminn þeirra er hversu lengi þeir hafa unnið á deildinni. Leikskólastjóri fer inn á deildina á aðlögunartímanum og kynnir sig fyrir foreldrum.

Okkur tókst vel að bæta þennan þátt í starfinu og almennt eru foreldrar mjög ánægðir með upplýsingar og þau tengsl sem þeir náðu að mynda á aðlögunartímanum.

- Halda áfram með faghópumræður með skipulögðum hætti.

Leiðir: Skipuleggja hópana, tímasetja þá að hausti fyrir starfsárið. Umræðuefni á fagfundum verður ákveðið af starfsmönnum eins og við á í tengslum við það sem er sterkt á döfinni í menntun og uppeldi barnanna hverju sinni.

Faghópsumræður gengu samkvæmt skipulagi og hver starfsmaður fór í faghópsumræður tvisvar að hausti og tvisvar að vori.

- Auka fagumræðu á deildum.

Leiðir: Festa deildarfundatíma í þeim tilgangi að fjölga þeim svo meiri tími gefist til faglegrar umræðu á deildarfundum. Stefnt að því að allar deildir séu með deildarfundum í annarri hverri viku.

Enn eitt árið gengur illa fyrir deildir að halda áætlun með deildarfundum aðra hvora viku.

- Fjölga fagumræðum í undirbúningstíma starfsmanna.

Leiðir: Greina á deildarstjórastofnu/um hvaða umræða telst til fagumræðna og skipuleggja undirbúningstíma þannig að betra svigrúm gefist í þá umræðu.

Reynt var að greina á deildarstjórastofnu hvað það er sem við köllum faglegar umræður umfram aðrar umræður sem við tökum þátt í og niðurstaðan er að það getur verið óljóst. Umræður sem eiga sér stað í faghópunum eru fagumræður en umræður um einstök börn og hvað er til ráða eru oft til upplýsinga og til að safna upplýsingum en ekki fagumræður. Spurt var um þátttöku starfsmanna í faglegri umræðu á skólaárinu á endurmatsfundi starfsmanna á skipulagsdegi í maí 2025 og mikill munur er á einstaklingum hvort og með hvaða hætti hver og einn tekur þátt í faglegum umræðum.

- Bæta þátttöku allra starfsmanna í ákvarðanatöku.

Leiðir: Greina hvaða ákvarðanir starfsfólk upplifir að séu teknar án þess að allir fái möguleika á að taka þátt í þeim. Taka í auknu mæli ákvarðanir á starfsmannafundum og endurskoða siði og venjur á skipulagsdegi í september með öllum starfsmönnum.

Í endurmatsumræðum starfsmanna á skipulagsdegi í maí 2025 var spurt út í aðkomu starfsmanna í ákvarðanatöku og megin niðurstaðan er sú að það vanti vettvang fyrir starfsmenn til að koma að ákvarðanatöku. Nokkuð margir starfsmenn bentu á að deildarfundir væru ákjósanlegir til slíks. Það væri ódrúsi að setja tillögur í hugmyndakassa eða koma með spurningar og tillögur eftir að búið er að taka ákvörðun. Margt ákveðið á deildarstjórastofnu og þegar almennur starfsmaður les fundargerð af deildarstjórastofnu þá er eins og búið sé að ákveða hlutina og engin umræða eftir.

- Starfsfólk veltir fyrir sér hugtakinu að „ráða“og hver þau telja að tilfinning barnanna sé gagnvart því.

Leiðir: Skapa umræðuvettvang meðal starfsmanna um hvenær börn ráða í leikskólanum, hvað viljum við að börn ráði miklu og hverju.

Börnin voru spurð um hverju þau ráða í leikskólanum, flest byrjuðu þau á að segja að þau réðu engu en svo þegar þau voru spurð um hvort að aðrir réðu því í hvaða leik þau færu og hvort þau væru úti eða inni þá sögðust þau öll ráða hvað þau léku sér og sum réðu hvort þau væru úti eða inni á meðan aðrir sögðu að kennararnir réðu hvort þau væru úti eða inn í leik.

- Hafa áfram samráðstíma sérkennslustjóra og deildarstjóra og finna út hentuga tíðni á þeim.

Leiðir: Sérkennslustjóri ákveður í september, í samráði við deildastjóra, hversu oft hann hefur samráðsfundi með hverjum og einum. Skipulagt að hausti og endurmetið um áramót og aðlagð þörf. Tími: September og um áramót.

Deildarstjórar voru spurðir á deildastjórafundum í maí 2025 um árangur af samráði þeirra, þetta skólaárið, við sérkennslustjóra og virðist fyrirkomulag þessa skólaárs hafa verið hentugt. Fundað var einu sinni á hvorri önn með sérhverjum deildarstjóra en sérkennslustjóri hyggst enn **frekar festa samráðið á vikur**.

Verkefni tengd eftirfylgni og skólaþróun.

- Kynna nýja námskrá Marbakka fyrir foreldrum.

Leiðir: Ný námskrá Marbakka verður kynnt í heild í upphafi skólaárs en kaflar um afmarkaða þætti í námskránni verða sendir foreldrum í tölvupóstum frá september 2024 til mars 2025.

Þetta var gert og í viðhorfskönnun meðal foreldra í febrúar telja þeir sig í miklum meirihluta þekkja stefnu og námskrá leikskólans Marbakka vel eða töluvert vel.

- Leggja áherslu á áframhaldandi teymisvinnu stjórnendahóps Marbakka og inngilda nýjan deildarstjóra í stjórnendateymið auk þess að viðhalda og efla traust innan hópsins.

Leiðir: Haldinn verður tveggja tíma stjórnendafundur í lok ágúst með þetta meðal annars að markmiði og aftur í byrjun febrúar 2025.

Haldnir voru tveir stjórnendafundir með það að markmiði að þétta hópinn og skapa traust á milli stjórnenda. Einn haldinn í ágúst en annar ekki fyrr en í byrjun júní. Í starfsmannasamtölum á vorönn við deildarstjóra kom fram almenn ánægja með samvinnu og traust í stjórnendahópnum en það er mismunandi mikil samvinna milli deildarstjóra eftir á hvaða deildum þeir vinna.

- Starfsfólk fræðist um hversvegna mikil áhersla er lögð á, í starfsaðferðum Reggio Emilia, að gengið sé út frá því að börn séu hæfileikarík og getumikil. Hvað er verið að vísa í og hverju skiptir það?

Leiðir: Á skipulagsdegi í september verður fræðsla um mikilvægi þess að börn hafi trú á eigin getu og starfsfólk hafi trú á börn séu hæfileikarík og getumikil. Utanaðkomandi kemur sem fyrirlesari. Einnig að þetta haft sem umræðu efni í faghópsumræðum á vorönn.

Annan janúar 2025 kom Vigdís Guðmundsdóttir með 1 og ½ tíma fræðslu um mikilvægi þess að starfsfólk hafi trú á eigin getu og einnig mikilvægi þess að starfsmenn valdefli börnin til að hafa trú á eigin getu. Í endurmatsumræðunum í maí voru nokkur sem sögðu að fræðslan hafi vakið þau til aukinnar meðvitundar að hvetja börn til að gera sjálf. Sumir starfsmenn tóku dæmi af því hvernig þeir drógu úr því að gera hluti fyrir börnin og hvernig þeir bættu sig í að segja börnunum „þú getur þetta“.

- Innleiða ný ákvæði í aðalnámskrá leikskóla með áherslu á inngilding, fullgilding og hlutverk kennara.

Leiðir: Byrja á að fara yfir þær glærur sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru yfir á starfsdegi leikskólastjórna í Kópavogi undir handleiðslu Guðrúnar Öldu með stjórnendateyminu í lok ágúst 2024. Kynning fyrir allt starfsfólk á öllum nýju ákvæðunum í aðalnámskránni verður á skipulagsdegi í september. Inngilding og fullgilding verður umræðuefni í fyrstu faghópsumræðu að hausti og hlutverk kennara verði umræða í annarri faghópsumræðu að hausti. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri styrkja sig í að leiða umræðuna m.a. með þátttöku í námskeiðum.

Á skipulagsdegi 20. september var kynning á innleiðingu á nýjum ákvæðum í aðalnámskrá leikskóla og áherslan lögð á inngilding, fullgilding og hlutverk kennara. Við tókum tvo faghóps umræðuhringi á haustönn annars vegar um inngilding og fullgilding og hins vegar um hlutverk kennara þar sem kafað var dýpra í þessi ákvæði. Starfsfólk var spurt um hvort fræðslan og umræðurnar hefði haft áhrif á skilning þeirra og störf og flestir voru á því gagnvart hugtökunum inngilding og fullgilding að þeir ættu langt í land ennþá en vissulega kveikti fræðslan og umræðurnar á skilningi þeirra sér í lagi þegar þeir heyra þau notuð í fréttum og annarri umræðu utan leikskólans.

- Kynna nýtt lógó Marbakka.

Leiðir: Byrja að kynna lógóið starfsfólki og börnum, svo foreldrum og að lokum ytra umhverfi.

Kynning starfsfólks fer fram á workplace síðu starfsmanna í byrjun skólaárs. Starfsmenn sjá svo um að kynna það fyrir börnum og merkið verður hengt upp í umhverfi barnanna. Kynning til foreldra fer fram í tölvupósti í ágúst og lógóið notað meira en áður í kynningarefni og fréttum frá skólanum.

Endurmat: Gert.

Viðhorfskönnun meðal foreldra.

Viðhorfskönnun meðal foreldra var gerð í febrúar 2025 á vegum Skólapúlsins. Svarhlutfall var 85,7% sem á að skila marktækum niðurstöðum. Það verður þó alltaf að skoða hverju spurningu fyrir sig, svarhlutfallið við henni og hvort sanngjarnt sé að skoða niðurstöður á deildarvís því stundum lágu þá 4 svör frá deildinni á bak við niðurtöðurnar. Heilt yfir kom viðhorfskönnunin vel út og þau umbótaverkefni sem við settum okkur í kjölfar síðustu viðhorfskönnunar þ.e. 2023 báru árangur.

Þættir sem komu ekki nógu vel út í viðhorfskönnuninni í þetta skipti og við teljum mikilvægt að greina frekar og bregðast við eru:

Í niðurstöðunum komu fram vísbendingar um að einhverjir foreldrar telja að kennarar barna þeirra séu ekki nógu vakandi fyrir því að öll börn tileyri barnahópnum og að kennarar standi vörð um réttindi allra barna. Þetta þarf að greina og óásættanlegt sér í lagi eftir þá vinnu sem við höfum lagt í að fræðast um hugtökin inngildingu og fullgildingu og hversu mikilvægu hlutverki leikskólinn gegnir í því að börn finnist þau tilheyra og réttindi þeirra allra séu virt.

Flutningur á milli deilda var ekki nógu vel framkvæmdur samkvæmt viðhorfskönnuninni. Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri fengu foreldraráð og stjórn foreldrafélagsins á endurmatsfund og þessu velt upp með þeim. Ófullnægjandi framkvæmd liggur að þeirra mati aðallega í tengslaleysi deildarstjóra á nýju deild barnsins við foreldra. Það sé mikilvægt að foreldrar fái bein samskipti við deildarstjórnann ef ekki í fataherberginu þá ætti deildarstjórinn að hringja í þá foreldra sem þeir ekki hitta. Eins er gott að hafa morgunkaffið í september inni á deild barnsins þar sem fólk hittist saman og sér þá hvaða foreldrar og starfsfólk tilheyra deildinni.

Samstarf við grunnskólann var gefin lægri einkunn hjá foreldrum í Marbakka en sú meðaltals einkunn sem foreldrar gáfu á landsvísu. Spurt var um hvort lögð væri áhersla á samstarf við grunnskólann og hvort barnið fengi að kynnast grunnskólanum á lokaárinu í leikskólanum. Það voru innan við 15 sem svöruðu þessum spurningum. Fáir voru mjög sammála að það væri gert, flestir sammála en þrír ósammála. Þetta gefur vísbendingu um að eitthvað vanti upp á hjá okkur varðandi samstarfið við grunnskólann. Þetta var einnig tekið fyrir á endurmatsfundinum með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins og að þeirra mati er aðallega um að kenna skorti á upplýsingum frá leiksólanum til foreldra með hvaða hætti samstarfið er. Hvenær, hvernig og hversvegna samstarfið er með þeim hætt sem það er.

Hvatning til foreldra að taka þátt í leikskólastarfinu var minni í Marbakka en á landsvísu samkvæmt viðhorfskönnuninni. Foreldrum á endurmatsfundinum fannst þetta sérstök spurning og telja þátttöku foreldra í leikskólastarfinu vera passlega og skilja ekki alveg hvernig þeir eiga að svarað spurningunni „ég er hvatt(ur) hvött til að taka þátta í leikskólastarfinu. Þeir vilja ekki fjölga dögum eða uppákomum þar sem foreldrar taka þátt heldur telja að núverandi skipulag sé nokkuð passlegt. Það sé kannski hægt að tengjast foreldrum betur þegar þau koma inn í leiksólann t.d. þegar þau eru að koma með börnin og sækja þau þannig að foreldra gætu fengið smjörþefinn af leikskólastarfinu. Með því móti gætu foreldrar orðið óbeinir þátttakendur í starfinu með því að ræða leiksóladaginn við börnin sín.

Alda Agnes tók saman en stjórnendateymi leikskóla yfirfór samantektina og niðurstöður ræddar á endurmatsfundi með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins.

Umbótaverkefni í tengslum við niðurstöðurnar eru settar farm með niðurstöðum af endurmatsfundi með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins.

Niðurstöður af endurmatsfundi með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins

26.maí 2025 kl. 20

Endurmatsfundur með foreldrum, stjórn foreldrafélagsins og foreldraráði var boðið á fundinn.

Mættir voru þrír fulltrúar í foreldraráðinu, Eydís Inga, Dóra Sif og Hafrún Lilja. Úr stjórn

foreldrafélagsins mættu: Brynja, Axel og Rakel Sara.

Þeir þættir sem ekki komu vel út út úr viðhorfskönnun foreldra sem fram fór í febrúar voru ræddir.

- Flutningur á milli deilda. Foreldrar spurðir um hvernig þeir sjá fyrir sér heppilegan feril þegar börn færast á milli deilda. Tengsl starfsfólki á nýju deildinni var talin vera helsta ástæðan að foreldrar upplifi óöryggi þegar börnin fara á milli deilda. Það var reynsla þeirra sem sátu fundinn. Þeir óska ekki eftir að vera með börnum í aðlögun á milli deilda og treysta starfsfólki og börnum til að sjá um að það sé vel gert. Þeir styðja að septemberkaffi á deildunum verði afmarkað fyrir deildina í þeim tilgangi að foreldrar fái tækifæri til að hitta hina foreldrana sem eiga börn á deildinni og tengjast öllu starfsfólki deildarinnar betur. Það þarf áfram að leggja áherslu á að skýrar upplýsingar um hvenær, á hvaða deild og hvað deildarstjórinn heitir á nýju deildinni áður en að flutningnum kemur. Einnig er mikilvægt að deildarstjóri á deildinni sem barnið flyst á leggi sig fram um að hitta nýju foreldrana og ef vinnutími foreldra gerir það að verkum að þeir hitti aldrei á deildarstjórnann þá eigi deildarstjórinn að hringja í foreldrana kynna sig og tengja þá við sig til að auðvelda þeim að vera í samskiptum við deildarstjórnann þegar á þarf að halda.
- Samstarf við grunnskólann. Spurt var um hvort lögð væri áhersla á samstarf við grunnskólann og hvort barnið fengi að kynnast grunnskólanum á lokaárinu í leikskólanum. Það voru innan við 15 sem svöruðu þessum spurningum en fáir voru mjög sammála að það væri gert, flestir sammála en þrír ósammála. Þetta gefur vísbendingu um að eitthvað vanti upp á hjá okkur varðandi samstarfið við grunnskólann. Foreldrum fannst líklegt að þetta kæmi svona út vegna upplýsingarleysis og að í viðburðarbæklingnum sem kemur til foreldra á haustin gæfi kannski ekki skýra mynd af því samstarfi sem er við grunnskólana. Það mætti draga samstarfið frekar fram og þó ekki sé hægt að gefa upp dagsetningar þá sé hægt að lista það frekar upp. Lega Marbakka gerir það að verkum að samstarf við næsta grunnskóla s.s. mætingar á uppákomur í grunnskólum nýting á leikfimissal og annað sem tíðkast í þeim leikskólum sem standa við hliðina á grunnskólum er minna í samanburði. Annars er lega Marbakka frábær með tilliti til náttúruna með fjöruna og önnur opin svæði rétt fyrir utan leikskólann.
- Hvatning til foreldra að taka þátt í leikskólastarfinu var minni í Marbakka en á landsvísu samkvæmt viðhorfskönnuninni. Foreldrum á endurmatsfundinum fannst þetta sérstök spurning og telja þátttöku foreldra í leikskólastarfinu vera passlega og skilja ekki alveg hvernig þeir eiga að svarað spurningunni „ég er hvatt(ur) hvött til að taka þátta í leikskólastarfinu? Foreldrum finnst þeir alltaf velkomnir í leikskólann, telja að uppákomur með þátttöku foreldra séu passlega margar og vilja alls ekki auka þátttöku foreldra á þann hátt að þeir eiga oftast að taka sér frí í vinnu til að vera þátttakandi í leikskólastarfinu eða þau eigi að vera þátttakendur með því að skaffa eitthvað sem barnið kemur með í leikskólann s.s. fyrir lita daga, vasaljósadaga eða aðra daga sem krefst þess að foreldra komi með eitthvað með barninu. Kannski snýst þetta um upplýsingagjöf til foreldra og þátttöku þeirra á þann hátt, þeir fái með skýrari hætti að vita hvaða viðfangsefni börnin eru að fást við í leikskólanum og að viðmót starfsmanna sé með þeim hætti að jákvæð tengsl myndist og gott andrúmsloft þegar þeir koma með og sækja börnin.

Á endurmatsfundinum var rætt auk fyrrgreindra þátta um eftirfarandi þætti:

- Lýsisgjöf. Í leikskólum landsins hefur tíðkast lýsisgjöf í morgunmatnum til að mæta A og D vítamín þörf barnanna. Nú hefur börnum fjölgað verulega sem mæta kl. 9 í leikskólann eftir að morgunmatnum lýkur og mörg sem koma fyrir eru þegar búin að borða morgunmat heima og þiggja hvorki morgunmat eða lýsi í leikskólanum. Þá er hann fallinn um sjálft sig sá

tilgangur að öll börn fái lýsi í leikskólanum. Foreldrarnir voru almennt á því að það ætti að vera á ábyrgð heimilanna að gefa lýsi og fannst hugmyndin um að við gæfum þeim börnum lýsi sem vildu með hádegismatnum ekki góð. Lýsi er mjög leiðinlegt í fötum og þeir sáu það ekki fyrir sér að það væri lystugt að gefa lýsi með allskonar mat. Niðurstaðan var að áfram sé lýsi á boðstólum með morgunmatnum en við kynnum það vel til foreldra að lýsi sé á boðstólum með morgunmatnum og við gefum þeim börnum sem vilja lýsi með morgunmatnum.

- Tölvupóstar til foreldra. Rætt var um hversu títt er passlegt að fá tölvupósta, hvaða upplýsingar vilja foreldrar fá í tölvupósti og hvernig fram settar? Foreldrum fannst fjöldi tölvupósta frá leikskólanum eins og þeir hafa verið hæfilega margir. Þeim finnst mikilvægt að erindi tölvupóstsins komi fram í heiti tölvupóstsins. Best að hafa þá stutta og hnitmiðaða. Allir þættir svo sem skiplagsdagar, foreldrakaffi og annað sem foreldrar þurfa að skipleggja sig í kringum væri gott að fá í skjali í byrjun hverrar annar.
- Umferðaröryggi við gatnamót Sæbólsbrautar og Kársnesbrautar voru svo rædd að lokum og fundarmenn lýstu áhyggjum sínum af hættum sem ítrekað skapast við þessi gatnamót sér ílagi þegar kemur að öryggi gangandi vegfarenda. Skorað var á leiksólastjóra að senda tölvupóst á Kópavogsbæ og óska eftir að umferðaröryggi gangandi vegfarenda verið bætt til muna. Foreldrafélagið hyggst senda einnig beiðni og mun stjórn foreldrafélagsins funda um það efni á næstunni.

Umræðuna tók saman Alda Agnes.

Umbótaverkefni:

- Þegar barn flyst á milli deilda á leikskólanum skal koma á tengslum foreldra við deildarstjóra nýju deildarinnar.

Leiðir: Deildarstjóri deildar sem barn flyst á skal hafa rætt formlega við foreldra barnsins einhvern tímann á fyrstu tveimur vikum barnsins á nýju deildinni. Kynna sig fyrir foreldrum og láta þá vita hvernig þeir geti haft samband við sig ef eitthvað er. Ef ekki næst að hitta á foreldrana í leikskólanum skal hringt í þá.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og deildarstjóri.

Tími: Í ágúst þegar flutningur milli deilda hefur farið fram.

Endurmat: Deildarstjóri spyr um þetta í foreldraviðtali á vorönn 2026. Spurt verður um þetta í viðhorfskönnun foreldra í febrúar 2027.

- Bæta upplýsingagjöf til foreldra varðandi samstarf við Kársnesskóla.

Leiðir: Í viðburðarbæklingi sem kemur til foreldra elstu barnanna á haustin skal draga fram það samstarf við Kársnesskóla sem fyrirhugað er í vetur þó ekki liggi fyrir dagsetningar. Senda viðburðarbæklinginn aftur um áramót með áherslu á samstarfið sem er á vorönninni.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Tími: September og janúar

Endurmat: Spurt verður um þetta í viðhorfskönnun foreldra í febrúar 2027.

- Skerpa á upplýsingagjöf til foreldra varðandi dagsetningar á starfsárinu sem áhrif hafa á venjubundin dag foreldra.

Leiðir: Senda foreldrum helstu dagsetningar skólaársins sem hafa áhrif á þeirra daglegu rútinu. Svo sem uppákomum í leikskólanum sem foreldrum er boðið að vera á, skipulagsdaga, skráningardaga o.s.frv.

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Tími: September eða í byrjun október.

Endurmat: Athugað að vori þegar umbótalistinn er metinn.

Samantekt á svörum starfsmanna við endurmatsspurningum vor 2025

Ákveðið var að taka endurmatsumræður í einum stórum rýnihópi með öllu starfsfólkinu á skipulagsdegi í maí.

Inngangur að endurmatsumræðum: Í haust kom Vigdís Guðmundsdóttir með fræðslu um mikilvægi þess að starfsfólk hafi trú á eigin getu. Einnig mikilvægi þess að starfsmenn valdefli börnin til að hafa trú á eigin getu. Sú fræðsla var tengd starfsaðferðum Reggio Emilia þar sem gengið er útfrá því að börn séu hæfileikarík og getumikil og mikil áhersla á að allir öðlist trú á eigin getu.

Spurt var: Varst þú á þeim fyrirlestri? Ef já hvaða áhrif hafði hann á störf þín?

Þeir sem tóku til máls sögðu að fræðslan hafi aukið þau til meðvitundar um að hvetja börn til að gera sjálf. Sumir starfsmenn tóku dæmi af því hvernig þeir drógu úr því að gera hluti fyrir börnin og hvernig þeir bættu sig í að segja börnunum þú getur þetta! Minna rætt um að starfsfólk hafi bætt sig í að hafa trú á eigin getu en starfsmannakönnunin sem gerð var í mars bendir til að fólk gæti bætt trú sína á eigin getu þegar kemur að því að mæta fjölbreyttum hópi nemenda.

Inngangur að endurmatsumræðum: Stjórnendur vilja að allir starfsmenn hafi tækifæri til að koma að ákvarðanatöku. Komið hefur fram að sumir starfsmenn telja sig ekki hafa tækifæri til að koma að ákvarðanatöku. Hvernig hefur gengið á þessu skólaári? Finnst starfsmönnum að þeir hafi fengið tækifæri til að koma að ákvarðanatöku? Settur var upp hugmyndakassi í fyrra en lítið kom af hugmyndum sem hægt var að vinna áfram með.

Umræðupunktur voru:

Getur þú nefnt dæmi um þátttöku þína í ákvarðanatökum sem teknar hafa verið varðandi starfið í Marbakka, eitthvað sem á við hvort sem er inni á deild eða í leikskólanum?

Getur þú nefnt dæmi um ákvarðanir sem teknar hafa verið varðandi starfið í Marbakka sem þú hefur ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á en hefðir viljað hafa áhrif á?

Hefur þú hugmynd um með hvaða hætti hægt er að auka möguleika starfsmanna til að hafa áhrif á ákvarðana töku?

Niðurstaðan var að það vantar umræðuvettvang fyrir starfsfólk til að koma að ákvarðanatöku og nokkuð margir starfsmenn bentu á að deildarfundir væru ákjósanlegir til slíks. Það væri öðruvísi að setja tillögur í hugmyndakassa eða koma með spurningar og tillögur eftir að búið er að taka ákvörðun. Margt ákveðið á deildarstjórafundum og þegar almennur starfsmaður les fundargerð af deildarstjórafundum þá er eins og búið sé að ákveða hlutina og engin umræða eftir. Á deildarfundum er hægt að ræða um komandi daga og viðburði og senda tillögur og skoðanir með deildarstjóra á deildarstjórafundum þar sem hlutirnir eru ákveðnir. Varðandi skóladagatalið og breytingar á hefðbundnum viðburðum sem þar koma fram þá þurfa athugasemdir vegna skólaárs 2026 til 2027 að koma fram í síðasta lagi í mars 2026. Einnig var bent á að allir starfsmenn geta sett efni fyrir deildarstjórafundum. Það sé blað fyrir framan skrifstofuna sem hægt er að setja niður óskir um að ákveðið málefni sé rætt á deildastjórafundum.

Inngangur að endurmatsumræðum: Í haust vorum við með fræðslu um inngildingu, fullgildingu og hlutverk kennara í tengslum við innleiðingu á nýjum ákvæðum í aðalnámskrá leikskóla. Við tókum tvo faghóps umræðuhringi á haustönn annars vegar um inngildinu og fullgildinu og hins vegar um hlutverk kennara. Eftirtaldir spurningar lágu til grundvallar umræðunni í rýnihópnum:

Tókst þú þátt í faghópsumræðum í haust 2024 um Inngildingu og fullgildingu? Hvaða áhrif hafði sú umræða á skilning þinn?

Tókst þú þátt í faghópsumræðum í haust 2024 um hlutverk kennara? Ef já hvernig hafði sú umræða áhrif á störf þín?

Starfsmenn sem tóku til máls töldu að það tæki langan tíma að ná góðum skilningi á hugtökunum inngilding og fullgilding en umræðan í faghópunum vakti fólk meðvitundar um að hlusta eftir hugtökunum og reyna að skilja þau, það væri byrjunin. Allir höfðu tekið eftir því að þessi hugtök hafa verið mikið notuð í fjölmiðlaumræðu og tengja þau umræðuna aðallega við innflytjendamál. Það þarf að halda áfram að ræða hugtökin, auka skilning okkar til að mynda sameiginlegan skilning svo þau gagnist okkur í samtali og að við skiljum fréttir þar sem hugtökin eru notuð.

Inngangur að endurmatsumræðum: Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2024 til 2025 var stefnan sett á að auka fagumræður meðal starfsmanna og horft var til deildafunda, þátttöku starfsmanna í faghópsumræðum og svo að hvetja þá sem eiga undirbúning samkvæmt kjarasamningi að nýta þann tíma í fagumræður við þá sem væru á sama tíma í undirbúningi. Hópurinn var spurður um:

Hvenær hafðir þú tækifæri til að taka þátt í fagumræðu á skólaárinu 2024 til 2025?

Faghópsumræðurnar eru góðar og hver starfsmaður fór fjórum sinnum í gegnum slíka umræðu á skólaárinu. Það vantar deildarfundi til að ræða ýmis fagleg málefni. Ekki tóku svo margir til máls þegar þetta var rætt. Fólk sem á kjarasamningsbundinn rétt á undirbúningstímum var spurt um að hvaða leiti undirbúningstíminn þeirra nýttist til fagumræðu og þá svöruðu þeir sem hafa reynslu annars staðar frá að þeir upplifa mikla þögn í undirbúningstímum hér í Marbakka. Það tíðkast hjá mörgum að einangra sig frá öðrum sem eru á sama tíma í undirbúningi með heyrnatólum ýmist til að hlusta á eitthvað um leið og þeir eru vinna í tölvunni eða bara til að fá frið. Þó eru nokkrir sem eru samtímis í undirbúningi sem segjast ræða fagleg málefni. Sérkennslustjórinn sagði að stundum kæmi starfsfólk á undirbúningstímum sínum til hennar að ræða fagleg málefni.

Umbótaverkefni:

- Auka hæfni starfsmanna að vinna með fjölbreyttan hóp nemenda í daglegu starfi leikskólans. Leiðir: Fræðsla til allra starfsmanna um starfsaðferðir Reggio Emilia með áherslu á daglegt starf leikskólans svo sem samverustundir, hvíld, útveru og frjálsan leik. Deildastjórar ræða á deildastjórafundum um áskoranir í starfinu þegar kemur að hvíld, samverustundum, útveru og frjálsum leik og þjálfun starfsmanna.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tími: Fræðslan verður í september og/eða nóvember 2025. Deildarstjórar taka umræðuna á deildastjórafundum í október og nóvember.

Endurmat: Í viðhorfskönnun starfsmanna að vori verður spurt um leikni starfsmanna í daglegu starfi leikskólans.

- Fræðsla um hvernig allir starfsmenn hafa hlutverk í málörvun barna í daglegu starfi og í samverustundum.

Leiðir: Málstefna Marbakka kláruð og nýtt sem leiðarvísir allra starfsmanna í starfinu.

Málstefnunefndin klárar fyrstu drög að málstefnu í ágúst eða byrjun september og sendir á starfsmenn til yfirferðar. Þjálfun starfsmanna til að ná færni í að hafa samverustundir með leikskólabörnum sem örva íslenskt mál.

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Tími: Málstefnan verður kláruð snemma skólaárs og kynnt á skipulagsdegi í september. Á skipulagsdegi í september verður fræðsla um samverustundir tengd málstefnunni.

Endurmat: Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna vor 2026 verður spurt um hvert hlutverk starfsmanna er í málörvun í daglegu starfi.

- Gera skal deildafundi að vettvangi fyrir faglegar umræður og ákvarðanatökur.

Leiðir: Haldnir verði reglulegir deildarfundir á öllum deildum. Festa þá í skipulag á hálfsmánaðarfresti og nýta deildarfundir að hluta til til að fá fram skoðunum starfsmanna varðandi starfið svo hægt sé að taka tillit til þeirra þegar ákvarðanir eru teknar um starf leikskólans.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.

Tími: Skipulagt í september.

Endurmat: Spurt um aðkomu starfsmanna í ákvarðanatökum í viðhorfskönnun starfsmanna vor 2026.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna mars 2025.

Í viðhorfskönnuninni eru vísbendingar um að við getum aukið þátttöku allra starfsmanna í virkum umræður um starfið. Spurt var um hve oft starfsmenn tæku þátt í umræðum um stefnu leikskólans, grunnþætti aðalnámskrár og fleiri þætti varðandi starfið og flestir í Marbakka segjast ræða þessa þætti sem spurt var um annan hvern mánuð að jafnaði. Það væri bót ef við gætum fjölgað þeim skiptum sem starfsmenn taka virkan þátt í umræðum um starfið.

Leikni starfsmanna í starfi mældist neðar í viðhorfskönnuninni hér í Marbakka en á landsmeðaltali. Fólk var spurt um gæði vinnu sinnar og fjöldi þeirra sem sögðust mjög oft eða alltaf vera ánægðir með gæði vinnu sinnar voru hlutfallslega mun færri í Marbakka en á landsvísu. Aftur á móti voru mun fleiri í Marbakka sem sögðust vera fremur oft vera ánægð með vinnu sína. Það sama var upp á teningnum þegar spurt var um afköst. Miðað við önnur svör starfsmanna þá gæti þessi útkoma verið tilkomin vegna þess að starfsfólk veit að í sumum tilfellum hefðu þeir getað sýnt meiri gæði í starfi og afkastað meiru. Við munum ekki leggja einhverja sérstaka áherslu á að bæta þessar niðurstöðu en styrkja og efla fólk til að gera sitt besta og vinna að bætingu eða starfsþróun.

Hærra hlutfall starfsmanna í Marbakka telur sig ekki fá nægan tíma til að undirbúa starfið en á landsvísu. Það eru reyndar fleiri í Marbakka en á landsvísu sem eru mjög sammála því að þeir fái nægan tíma en það voru líka fleiri í Marbakka en á landsvísu sem er frekar ósammála að þeir fái nægan tíma til að undirbúa starfið.

Umbótaverkefni:

- Auka virka þátttöku allra starfsmanna í umræðum um starfið.

Leiðir: Festa deildarfundir hálfsmánaðarlega og nýta þá að hluta til til að virkja alla starfsmenn til þátttöku í umræðum um starfið.

Ábyrgð: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.

Tími: Búið sé að koma skipulagi á deildarfundir á hálfsmánaðar fresti þann 1. október 2025.

Endurmat: Farið yfir það í janúar á deildastjórafundir hvernig haustið hefur gengið hvað varðar deildarfundir og skipulagið endurbætt ef það þarf. Aftur farið yfir þetta á deildastjórafundir að vori og allir starfsmenn spurðir að þessu í viðhorfskönnun starfsmanna í maí 2026.

- Að allir starfsmenn sem þurfa að undirbúa starfið fái undirbúningstíma óháð kjarafélagi.

Leiðir: Koma því þannig fyrir að starfsmenn sem eiga ekki kjarasamningsbundinn undirbúningstíma komist í undirbúning ef þeir telja sig þurfa tíma til að undirbúa starfið með börnunum. Reyna að skaffa öllum minnst klukkutíma á viku.

Ábyrgð: Deildarstjórar.

Tími: Komið í framkvæmd í byrjun nóvember 2025.

Endurmat: Rætt á deildarstjórafundir í janúar hvernig gengur með að koma öllum í undirbúning sem telja sig þurfa að undirbúa starfið.

Viðhorfskönnun meðal barna fædd 2019.

Viðhorfskönnun fór fram meðal barna fædd 2019 í júní 2025. Það voru 26 börn í árgangi 2019 en nokkur vildu ekki svara. Við fengum svar frá 19 börnum. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá spurningarnar sem börnin voru spurð að og talan sem er fyrir aftan matskvarðann segir til um hversu mörg börn svöruðu með þeim hætti.

Hvernig líður þér að koma í leikskólann?	oftast vel	15	stundum vel	2	sjaldan vel	2
Hvernig líður þér í matstofunni?	oftast vel	16	stundum vel	1	sjaldan vel	2
Hvernig líkar þér maturinn í Marbakka?	oftast vel	13	stundum vel	4	sjaldan vel	2
Hvernig líður þér á fagnaðarfundum?	oftast vel	9	stundum vel	4	sjaldan vel	6
Hvernig eru krakkarnir í leikskólanum við þig?	oftast góðir	6	stundum góðir	5	sjaldan góðir	6
Hvernig finnst þér í kór?	oftast gaman	12	stundum gaman	3	sjaldan gaman	4
Hvernig líkar þér við kennarana á deildinni þinni?	oftast vel	17	stundum vel		sjaldan vel	2
Hvernig finnst þér í samverustundum?	oftast vel	14	stundum vel	2	sjaldan vel	3
Hverju ræður þú í leikskólanum?	9 sögðust ráða hvað ég má leika					
	5 svöruðu fyrst "engu" en fjórir sögðu svo þegar þau voru spurð frekar að þau réðu í hverju þau væru að leika sér. Einn hélt sig við að hann réði engu og það væru aðrir krakkar sem réðu í hvaða leik hann færi annars réði deildarstjórinn					
	5 sögðu "mér sjálfri/um"					

Árlega taka börnin þátt í mati á skólaárinu sem er að líða. Við höfum oftast leitað til elsta árgangsins og lagt fyrir börnin spurningar. Við höfum spurt þau að sömu eða svipuðum spurningum milli ára varðandi ákveðna þætti þó stundum fái þau aukaspurningar sem eiga bara við það árið. Þetta gerum við meðal annars til að geta borðið saman viðhorf barnanna milli ára til tiltekinna þátta. Svar við flestum þáttum í ár svipar til svara barnanna frá fyrri árum nema þegar kemur að spurningunni „hvernig eru krakkarnir í leikskólanum við þig?“ Hingað til hafa börnin svarað í miklum meirihluta að hin börnin eru oftast góð. 19 börn fædd 2019 tóku þátt í viðhorfskönnuninni í ár og 6 börn svöruðu því til að hin börnin væru oft góð við sig sem er lægra hlutfall en áður og einnig svöruðu 6 börn því að hin börnin væru sjaldan góð við sig sem er miklu hærra hlutfall en áður. Einnig svöruðu 5 að hin börnin væru stundum góð við sig. Það er spurning um hvort og þá hvað sé að breytast í samskiptum barna. Við ákváðum í ár að spyrja börnin ekki líkt og áður hvort þau ráði einhverju í leikskólanum heldur höfðum við opna spurningu og spurðum þau hverju þau réðu. Áður þegar við spurðum þau hvort þau réðu einhverju þá fengum við oftast svarið að börnin töldu sig ekki ráða neinu. Með því að spyrja börnin að því hverju þau réðu þá kom fram hjá öllum að þau réðu hvað þau léku sér eða þau réðu sér sjálfum nema hjá einum sem engu réð. Annað sem heldur dregur úr ánægju barnanna eru

fagnaðarfundir þó svo að í gegnum árin hafa þau haft skiptar skoðanir á því hversu gaman er á fagnaðarfundum. Við fækkuðum fagnaðarfundum (sem er samsöngur í salnum) úr vikulegum viðburði í á hálfsmánaðarfresti til að athuga hvort það yki ánægju barnanna að fara á Fagnaðarfundum en svo virðist ekki hafa gerst.

Umbótaverkefni:

- Starfsmenn fræðast um félagsfærni og vináttu leikskólabarna til að stuða að betri félagslegri líðan.

Leiðir: Fræðsla um félagsfærni barna á skipulagsdegi í nóvember. Umræður og jafningjafræðsla um vináttu barna í fyrsta eða öðrum hring í faghópsumræðum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Tími: Hausti 2025

Endurmat: Viðhorfskönnun barna í maí/júní 2026 og í viðhorfskönnun starfsmanna vor 2026

Endurmat sérkennslunnar.

Sérkennslustjóri tók saman þetta endurmat júní 2025.

Alls voru 2,75 stöðugildi í sérkennslu þetta skólaárið. Fjórir kennarar hafa sinnt þessum störfum, þrír leikskólakennarar og einn þroskajálfi. Allir sérkennarar hafa ákveðin börn sem þeir sinna og með reglulegu samráði deila þeir reynslu og þekkingu til að koma sem best til móts við þarfir barnanna. Grunur um einhverfu og frávík í málþroska voru helstu ástæður sérkennslu. Börn með fjölbreyttan menningar- og tungumálagrunn voru 22 þetta skólaárið. 13 eiga annað foreldrið íslenskt en hjá 9 eru báðir foreldrar af erlendum uppruna, þau koma frá 12 löndum og tala 11 tungumál.

Umbótaverkefni:

- Setja samráðstíma sérkennslustjóra og deildastjóra fast niður á viku, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn í kringum foreldraviðtölin.

Leiðir: Sérkennslustjóri setur niður í samráði við deildastjóra í hvaða viku hann á skipulagt samráð við hvern og einn deildarstjóra. Skipulagt í september samráðið á haustönn og í janúar samráðið á vorönn.

Tími: September og janúar

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Endurmat: Metið þegar farið er yfir umbótalistann að vori 2026

Símenntunaráætlun endurmetin.

Pátttakendur	Markmið	Fór fram já eða nei
Allt starfsfólk	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Já
Allt starfsfólk	Endurmat á líðan og starfi hvers og eins starfsmanns	Já
Stjórnendateymi	Undirbúa stjórnendur að leiða vinnu á skipulagsdegi 20. sept. að innleiða ný ákvæði í aðalnámskrá	Já
Stjórnendateymi	Samtal um teymisvinnu og ígrundun um hvaða umræða telst til fagumræðu.	Já
Allir starfsmenn	Inngangur að innleiðing á nýjum ákvæðum í aðalnámskrá leikskóla.	Já
Allir starfsmenn	Lýðræði barna, hverju viljum við að börn ráði? Hvernig styðjum við við það? Upprifjun á lýðræði í starfsaðferðum Reggio Emilia	Já
Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólast	Styrkja stjórnendur í inngildandi skólastarfi.	Já
Allt starfsfólk	Utanaðkomandi fræðsla um inngildandi skólastarf	Nei féll niður
Allir starfsmenn	Fræðsla um getu barna. Höfum við trú á getu barna og styrkjum við börn að hafa trú á eigin getu?	Já en í janúar ekki nów. eins og áætlað var
Allir starfsmenn	Pátttaka allra starfsmanna í umræðum um fagleg mál	Já
Allir starfsmenn	Skyndihjálpi og slysavarnir	Já
Stjórnendateymið	Deildastjórahandleiðsla	Já
Stjórnendateymið	Stjórnendateymið	já
Stjórnendateymið	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis og endurmat.	Já

Auk þeirra símenntunar sem starfsfólk sótti samkvæmt símenntunaráætlun má nefna eftirfarandi til meðal annars til viðbótar:

Þeir starfsmenn Marbakka sem ekki höfðu sótt netnámskeið Bofs um kynferðisofbeldi og hegðun 2 til 6 ára barna sem er fyrir þá sem vinna með börnum á þessum aldri tóku það námskeið í maí 2025.

Einn leikskólakennari útskrifaðist úr meistaranámi í leikskólakennarafræðum í júní 2025 en hann hafði verið á námssamningi við Kópavogsbæ.

Matsáætlun vegna skólaársins 2024 – 2025 endurmetin.

- Uppeldisfræðilegar skráningar gerðar jafnt og þétt yfir skólaárið 2024-2025. **Gert**
- Starfið metið jöfnum höndum yfir skólaárið á deildarstjóra-, deilda-, lausnateymis- og starfsmannafundum. **Gert**
- Starfsmannasamtöl febrúar/mars 2025 **Gert**
- Viðhorfskönnun meðal foreldra verður gerð í mars 2025 (af Skólapúlsinum) **Gert í febrúar**
- Umbótaáætlun yfirfarin af stjórnendum í júní 2025 **Gert**
- Viðhorfskönnun elstu barnanna verður gerð í maí 2025 **Gert í júní**
- Endurmatsfundur með foreldraráði leikskólans verður í maí 2025. **Gert**
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna í maí 2025, spurt verður meðal annars um: Skilning starfsmanna á hugtökunum inngilding og fullgilding. **Gert**

Matsþættir	2024-2025	Gagnaöflun
Stjórnun		
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og viðhorfskönnun meðal foreldra.
Faglegt samstarf	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna
Leikskólaþróun og símenntun	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, endurmatsfundur með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins og viðhorfskönnun meðal foreldra
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og viðhorfskönnun meðal foreldra
Uppeldis- og menntastarf		
Skipulag náms og námsaðstæður	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, viðhorfskönnun meðal barna fædd 2019 og viðhorfskönnun meðal foreldra
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og viðhorfskönnun meðal foreldra
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, viðhorfskönnun meðal barna fædd 2019 og viðhorfskönnun meðal foreldra
Námssvið leikskólans	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, viðhorfskönnun meðal barna og viðhorfskönnun meðal foreldra
Mat á námi og velferð barna	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, deildarfundir, lausnarteymisfundir og fundir sérkennsluteymisins.
Leikskólabragur		
Viðmót og menning	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, viðhorfskönnun meðal foreldra, endurmatsfundur með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins og foreldraviðtöl
Velferð og líðan barna	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, viðhorfskönnun meðal barna fædd 2019, endurmatsfundur með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins og foreldraviðtöl
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, endurmatsfundur með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins og foreldraviðtöl
Viðhorf foreldra	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, endurmatsfundur með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins og foreldraviðtöl

Samantekt

Í þessari skýrslu er tekið saman það sjálfsmati sem fram fór á skólaárinu 2024 til 2025. Mikilvægur tilgangur sjálfsmats er að setja fram umbætur þegar matið sýnir að ástæða sé til einbeita sér að því að viðhalda eða bæta þætti sem metnir voru. Hér á eftir eru listuð upp þau umbótaverkefni sem fyrirhugað er að fara í á næsta starfsári.

Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2025-2026

- Þegar barn flyst á milli deilda á leikskólanum skal koma á tengslum foreldra við deildarstjóra nýju deildarinnar.

Leiðir: Deildarstjóri deildar sem barn flyst á skal hafa rætt formlega við foreldra barnsins einhvern tímann á fyrstu tveimur vikum barnsins á nýju deildinni. Kynna sig fyrir foreldrum og láta þá vita hvernig þeir geti haft samband við sig ef eitthvað er. Ef ekki næst að hitta á foreldrana í leikskólanum skal hringt í þá.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og deildarstjóri.

Tími: Í ágúst þegar flutningur milli deilda hefur farið fram.

Endurmat: Deildarstjóri spyr um þetta í foreldraviðtali á vorönn 2026. Spurt verður um þetta í viðhorfskönnun foreldra í febrúar 2027.

- Bæta upplýsingagjöf til foreldra varðandi samstarf við Kársnesskóla.

Leiðir: Í viðburðarbæklingi sem kemur til foreldra elstu barnanna á haustin skal draga fram það samstarf við Kársnesskóla sem fyrirhugað er í vetur þó ekki liggi fyrir dagsetningar. Senda viðburðarbæklinginn aftur um áramót með áherslu á samstarfið sem er á vorönninni.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Tími: September og janúar

Endurmat: Spurt verður um þetta í viðhorfskönnun foreldra í febrúar 2027.

- Skerpa á upplýsingagjöf til foreldra varðandi dagsetningar á starfsárinu sem áhrif hafa á venjubundin dag foreldra.

Leiðir: Senda foreldrum helstu dagsetningar skólaársins sem hafa áhrif á þeirra daglegu rútínu. Svo sem uppákomum í leikskólanum sem foreldrum er boðið að vera á, skipulagsdaga, skráningardaga o.s.frv.

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Tími: September eða í byrjun október.

Endurmat: Athugað að vori þegar umbótalistinn er metinn.

- Auka hæfni starfsmanna að vinna með fjölbreyttan hóp nemenda í daglegu starfi leikskólans.

Leiðir: Fræðsla til allra starfsmanna um starfsaðferðir Reggio Emilia með áherslu á daglegt starf leikskólans svo sem samverustundir, hvíld, útveru og frjálsan leik. Deildastjórar ræða á deildastjórafundum um áskoranir í starfinu þegar kemur að hvíld, samverustundum, útveru og frjálsum leik og þjálfun starfsmanna.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tími: Fræðslan verður í september og/eða nóvember 2025. Deildarstjórar taka umræðuna á deildastjórafundum í október og nóvember.

Endurmat: Í viðhorfskönnun starfsmanna að vori verður spurt um leikni starfsmanna í daglegu starfi leikskólans.

- Fræðsla um hvernig allir starfsmenn hafa hlutverk í málörvun barna í daglegu starfi og í samverustundum.

Leiðir: Málstefna Marbakka kláruð og nýtt sem leiðarvísir allra starfsmanna í starfinu.

Málstefnunefndin klárar fyrstu drög að málstefnu í ágúst eða byrjun september og sendir á starfsmenn til yfirferðar. Þjálfun starfsmanna til að ná færni í að hafa samverustundir með leikskólabörnum sem örva íslenskt mál.

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Tími: Málstefnan verður kláruð snemma skólaárs og kynnt á skipulagsdegi í september. Á skipulagsdegi í september verður fræðsla um samverustundir tengd málstefnunni.

Endurmat: Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna vor 2026 verður spurt um hvert hlutverk starfsmanna er í málörvun í daglegu starfi.

- Gera skal deildafundi að vettvangi fyrir faglegar umræður og ákvarðanatökur.

Leiðir: Haldnir verði reglulegir deildarfundir á öllum deildum. Festa þá í skipulag á hálfsmánaðarfresti og nýta deildarfundir að hluta til til að fá fram skoðunum starfsmanna varðandi starfið svo hægt sé að taka tillit til þeirra þegar ákvarðanir eru teknar um starf leikskólans.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.

Tími: Skipulagt í september.

Endurmat: Spurt um aðkomu starfsmanna í ákvarðanatökum í viðhorfskönnun starfsmanna vor 2026.

- Auka virka þátttöku allra starfsmanna í umræðum um starfið.

Leiðir: Festa deildarfundir hálfsmánaðarlega og nýta þá að hluta til til að virkja alla starfsmenn til þátttöku í umræðum um starfið.

Ábyrgð: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.

Tími: Búið sé að koma skipulagi á deildarfundir á hálfsmánaðar fresti þann 1. október 2025.

Endurmat: Farið yfir það í janúar á deildastjórafundir hvernig haustið hefur gengið hvað varðar deildarfundir og skipulagið endurbætt ef það þarf. Aftur farið yfir þetta á deildastjórafundir að vori og allir starfsmenn spurðir að þessu í viðhorfskönnun starfsmanna í maí 2026.

- Að allir starfsmenn sem þurfa að undirbúa starfið fái undirbúningstíma óháð kjarafélagi.

Leiðir: Koma því þannig fyrir að starfsmenn sem eiga ekki kjarasamningsbundinn undirbúningstíma komist í undirbúning ef þeir telja sig þurfa tíma til að undirbúa starfið með börnunum. Reyna að skaffa öllum minnst klukkutíma á viku.

Ábyrgð: Deildarstjórar.

Tími: Komið í framkvæmd í byrjun nóvember 2025.

Endurmat: Rætt á deildarstjórafundir í janúar hvernig gengur með að koma öllum í undirbúning sem telja sig þurfa að undirbúa starfið.

- Starfsmenn fræðast um félagsfærni og vináttu leikskólabarna til að stuða að betri félagslegri líðan barnanna.

Leiðir: Fræðsla um félagsfærni barna á skipulagsdegi í nóvember. Umræður og jafningjafræðsla um vináttu barna í fyrsta eða öðrum hring í faghópsumræðum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Tími: Hausti 2025

Endurmat: Viðhorfskönnun barna í maí/júní 2026 og í viðhorfskönnun starfsmanna vor 2026

- Setja samráðstíma sérkennslustjóra og deildastjóra fast niður á viku, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn í kringum foreldraviðtölin.

Leiðir: Sérkennslustjóri setur niður í samráði við deildastjóra í hvaða viku hann á skipulagt samráð við hvern og einn deildarstjóra. Skipulagt í september samráðið á haustönn og í janúar samráðið á vorönn.

Tími: September og janúar

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Endurmat: Metið þegar farið er yfir umbótalistann að vori 2026. Hvernig tókst til.

Verkefni tengd eftirfylgni og skólaþróun.

- Klára málstefnu Marbakka snemma hausts 2025 og virkja hana sem leiðarvísir fyrir starfsmenn
Leiðir: Málstefnunefndin skilar af sér og kynnir fyrir starfsmönnum
Tími: Kláruð í upp hafi september og kynnt á skipulagsdegi á skipulagsdegi 19. september.
Ábyrgð: Sérkennslustjóri.
Endurmat: Metið þegar farið er yfir umbótaverkefnalistann vor 2026
- Gera læsisstefnu Marbakka gefa hana út í febrúar 2026
Leiðir: Stofnuð verður læsisstefnunefnd í lok september sem vinnur að læsisstefnu, drög kynnt á skipulagsdegi í nóvember og læsisstefna gefin út í byrjun árs 2026.
Tíma: September og nóvember 2025 til febrúar 2026.
Ábyrgð: Sérkennslustjóri.
Endurmat: Metið þegar farið er yfir umbótaverkefnalistann vor 2026
- Styðja við færni starfsmanna að leiðbeina börnum sem sýna erfiða hegðun.
Leiðir: Fá utanaðkomandi með fræðslu fyrir starfsfólk um verkfæri fyrir leikskólastarfsmenn til að aðstoða börn með erfiða hegðun. Tillaga að hafa „árangursrík ráð við erfiðri hegðun barna“ sem umfjöllunarefni í faghópsumræðum vor 2026
Tími: 19. September 2025 og vorönn 2026
Ábyrgð: Leikskólastjóri
Endurmat: Spurt um færni starfsmanna í viðhorfskönnun meðal starfsmanna í maí.
- Uppfæra áfallaáætlun Marbakka og gefa út haust 2025.
Leiðir: Óskað verður eftir ritstjóra úr starfsmannahópnum sem sér um að uppfæra áfallaáætlunina og bera undir starfsmenn. Ný uppfært form að áfallaáætlun fyrir leiksóla Kópavogs sem starfsmenn skólaskrifstofu sendu í leikskólana í júlí 2025 nýtt sem viðmiðunarplagg.
Tími: Búið í nóvember 2025. Kynnt á skipulagsdegi
Ábyrgð: Leikskólastjóri
Endurmat: Þegar farið er yfir umbótalistann að vori 2026. Gert eða ekki gert.